

#### **4. fundur umhverfis-, skipulags- og bygginganefndar** haldinn á skrifstofu

Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn, miðvikudaginn 6. október 2010 kl. 17:00

Mætt: Jóhanna Helgadóttir formaður, sem ritaði fundargerð á tölvu, Steinunn Leósdóttir, Jósteynn Hermundsson, Vikar Már Vífilsson, Ólafur Björn Sveinsson. Einnig sat fundinn Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri.

#### **Dagskrá:**

##### **1. Byggingarleyfi og lóðarstaðsetning á Sauðanesi.**

Bréf frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu dags. 28. sept. 2010 varðandi breytingu á lóð í landi Sauðaness. Vísað er í bréf ráðuneytisins dags. 15. sept. s.l. en meðfylgjandi er nú endurbætt kort með tillögum að staðsetningu áætlaðrar lóðar á jörðinni. Lóðin er nú síðast færð 25 metra til baka til norðurs ( frá kirkjunni ) að ósk ábúenda. Ráðuneytið óskar í bréfi þessu eftir endurupptöku málsins á viðhorfi sveitarfélagsins til staðsetningar lóðarinnar skv. meðfylgjandi teikningu dags. 27. september 2010.

*Nefndin samþykkir staðsetningu skv. með. teikningu frá ráðuneytinu og byggingarleyfi með fyrirvara um samþykki byggingafulltrúa.*

##### **2. Erindi frá Veiðifélagi Hafralónsár.**

Umsókn um framkvæmdaleyfi veiðivegar á Grímúlfsártungu. Skv. lögum þarf að liggja fyrir heimild frá Fiskistofu áður en sveitarstjórnir geta veitt framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda við ár og vötn. Sveitarstjóra falið að benda umboðsaðila Marínó Jóhannssyni f.h. Veiðifélags Hafralónsár á þessi lög áður en afgreiðsla getur farið fram.

*Samþykkt samhljóða.*

##### **3. Önnur mál.**

Sveitarstjóri lagði fram drög að samþykkt um hunda- og kattahald í Langanesbyggð.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin upp, samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 18:05